



Ráðhús Reykjavíkur

Borgarráð

Efni: Snjalltækjanotkun og skjátími

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. nóvember 2019 var lögð fram skýrsla starfshóps um snjalltækjanotkun og skjátíma í skóla- og frístundastarfi, dags. í október 2019.

Tillögur starfshóps um snjalltækjanotkun og skjátíma í skóla- og frístundastarfi voru samþykktar.

Erindið er hér með sent borgarráði til upplýsingar.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata þakka starfshópnum fyrir vel unnin störf og góða skýrslu um snjalltækjanotkun og skjátíma í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Það er mikilvægt að hver starfsstöð móti sín eigin viðmið þegar kemur að skjánotkun og skjátíma barna og unglinga. Því fögnum við þeim áherslum sem starfshópurinn leggur til að hver starfsstöð skóla- og frístundasviðs setji sér viðmið og/eða reglur um notkun snjalltækja í einkaeigu í skóla- og frístundastarfi og leggjum áherslu á mikilvægi þess að þær verði unnar í nánú samstarfi við nemendur, kennara, frístundaráðgjafa, foreldra og aðra sem koma að starfinu. Notkun nútímataekni í skólum er nauðsynlegur þáttur í þróun skólastarfs en mikilvægt er að notkun snjalltækja á skólatíma sé á forsendum námsins og að kennarar, nemendur og skólastjórnendur upplifi að sú notkun fari fram á þeim forsendum. Viljum við leggja áherslu á að þó skrifstofa sviðsins geri leiðbeinandi verklag fyrir starfsstaðina um þessi viðmið, þá sé starfsstöðvum treyst til að útfæra sínar reglur í samstarfi við starfsfólk, foreldra og nemendur.

Áheyrnarfulltrúar kennara og skólastjóra í grunnskólum leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar kennara og skólastjórnenda í skóla- og frístundaráði fagna skýrslu starfshóps um snjalltækjanotkun og skjátíma í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Við teljum þó að farsælla hefði verið að í starfshópnum hefðu setið fulltrúar kennara í Reykjavík enda þeir lykilaðilar þegar kemur að þessum þætti skólastarfs sem og öðrum. Notkun snjalltækja í skólum er mikilvægt verkefni nútíma skólastarfs sem verður að vera leitt af kennurum og stjórnendum skólanna. Helstu niðurstöður hópsins eru jákvæðar og lúta að þeirri staðreynd að sjálfstæði skóla er lykilaþráði. Leiðbeinandi verklag verður því að vera án miðstýringar en virka frekar sem verkfærakassi sem hver skóli gæti nýtt sér kjósi hann svo. Aðstæður, tækjabúnaður og fjármagn til sérstakra stöðugilda til að sinna tölvu og

snjalltækjakennslu er mismunandi og er að sjálfsögðu breyta í starfi sem byggir á jöfnun tækifærum nemenda til að nýta sér snjalltækni í námi. Við því þarf að bregðast nú þegar og í framhaldi verður hver skóli að aðlaga sig að þeim raunveruleika sem hann býr við. Lykilatriði í farsælli þróun er því að fullfjármagna þessa þætti í öllum skólum um leið og við viljum áréttta að umgengisreglur með snjalltækjum nemenda verða ætíð hluti að skólareglum hvers skóla.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs








Hjálagt:

Skýrsla starfshóps, dags. október 2019

Snjalltækjanotkun og skjátími

skýrsla starfshóps um snjalltækjanotkun og skjátíma í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar

Október/2019



Reykjavíkurborg

Inngangur

Þann 14. janúar 2019 skipaði sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs starfshóp um snjalltækjanotkun og skjátíma. Tildrög hópsins eru þau að á fundi borgarstjórnar þann 10. apríl 2018 var samþykkt svohljóðandi tillaga:

Borgarstjórn felur skóla- og frístundasviði að efna til víðtæks samráðs við skólastjórnendur, kennara, nemendur, foreldra, sérfræðinga skólaþjónustu, frístundaráðgjafa og fulltrúa heilsugæslu og landlæknisembættis, um hvort tilefni sé til að setja viðmið um takmörkun á snjalltækjanotkun og skjátíma nemenda í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Tekið verði mið af erlendum fyrirmyndum og rannsóknum í þessari vinnu.

Markmið starfshópsins var, samkvæmt erindisbréfi, að meta hvort setja eigi viðmið um snjalltækjanotkun og skjátíma nemenda í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.

Helstu verkefni starfshópsins voru eftirfarandi:

- Greina hlutverk skóla- og frístundastarfs er kemur að notkun tækni út frá stefnu SFS, lögum og öðrum opinberum viðmiðum
- Kynna sér innlendar og erlendar rannsóknir og dæmi um snjalltækjanotkun í skóla- og frístundastarfi
- Greina stöðu og notkun snjalltækja í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar
- Efna til víðtæks samráðs og setja, ef við á, viðmið um snjalltækjanotkun og skjátíma barna- og ungmenna í skóla- og frístundastarfi
- Hópurinn skoði með hvaða hætti má stofna til samráðs við foreldra um skjátíma utan skóla- og frístundastarfs

Starfshópurinn skipuðu:

- **Alda Magnúsdóttir**, sálfræðingur Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða (lauk störfum hjá Reykjavíkurborg á starfstíma hópsins)
- **Ásdís Olga Sigurðardóttir**, leikskólaráðgjafi á skrifstofu SFS, frá 24. maí **Emilía Rafnsdóttir** leikskólaráðgjafi á skrifstofu SFS
- **Jón Páll Haraldsson**, skólastjóri Laugalækjarskóla, frá 28.03.2019 **Hreiðar Sigtryggsson**, skólastjóri í Langholtsskóla
- **Sif Ómarsdóttir**, forstöðumaður félagsmiðstöðinni Hólmaseli
- **Sigrún Sveinbjörnsdóttir**, verkefnastjóri á frístundahluta fagskrifstofu SFS
- **Sólveig Þórarinsdóttir**, leikskólastjóri leikskólanum Ösp
- **Sveinn Bjarki Tómasson** kennsluráðgjafi í upplýsingatækni hjá Nýsköpunarmiðju menntamála
- **Grímur Atlason**, verkefnastjóri um samskipti heimilis og grunnskóla á SFS

Sveinn Bjarki var formaður starfshópsins og Sigrún Sveinbjörnsdóttir starfsmaður hans.

Starfshópurinn starfaði á tímabilinu 14. janúar til 24. maí 2019. Hópurinn hélt alls 8 fundi. Á fyrstu fundum voru fulltrúar í starfshópnum að átta sig á verkefninu, skiptast á skoðunum um málið og safna saman gögnum. Skoðað var hvort hópurinn ætti að standa fyrir málþingi, en ákveðið var að falla frá því þar sem mörg málþing höfðu þegar farið fram um efnið. Starfshópurinn lét gera könnun meðal stjórnenda í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar og greint verður frá niðurstöðum hennar hér á eftir. Þá fór hópurinn í samstarf við

foreldrafélögin í Breiðholti og SAMFOK sem voru að setja á laggirnar vefsíðuna www.skjatimi.is og dreifa segli með leiðarljósum um skjátíma til allra grunnskólabarna og leikskólabarna í Reykjavík. Þá leitaði hópurinn gagna frá öðrum sveitarfélögum um málið og fékk til sín góða gesti, til að mynda grunnskólanemendur frá grunnskólanum á Hvammstanga og Eyjólf Jónsson sálfræðing. Fulltrúar úr samstarfshópnum sóttu Náum áttum fund um sem *kallaðist Verum snjöll – jafnvægi í snjalltækjanotkun* barna. Þar var meðal annars greint frá nýútkomnum skjáviðmiðum sem unnin voru í samstarfi Embættis landlæknis, Barnaheillum, Heimilis og skóla, Landspítala, Umboðsmanns barna, Heilsugæslunnar og SAFT verkefnisins. Þeim er skipt í [Skjáviðmið fyrir börn að 5 ára aldri](#), [Skjáviðmið fyrir börn 6-12 ára](#) og [Skjáviðmið fyrir ungmenni 13-18 ára](#).

Samantekt - helstu tillögur

Talsverð umræða hefur verið um hvort setja eigi reglur eða viðmið um snjalltækjanotkun og skjátíma nemenda í skóla- og frístundastarfi borgarinnar á undanförunum árum. Umræðan endurspeglar visst óöryggi gagnvart því hvernig skuli takast á við þetta þ.e. að setja börnum heilbrigð mörk í skjánotkun.

Könnun sem var unnin fyrir starfshópin sýnir að stjórnendur starfsstöðva SFS hafa miklar áhyggjur af skjátíma barna utan skólatíma. Þeir hafa hins vegar minni áhyggjur af skjátíma barna í skipulögðu starfi en svo aukast áhyggjurnar nokkuð í frjálstri stund á skóla- og frístundartíma (t.d. frímínútum og hádegishlé). Í könnuninni má sjá að þeir hafa mestar áhyggjur af notkun nemenda á búnaði í einkaeigu og þá í nær öllum tilfellum eru það snjallsímar.

Í könnuninni kemur fram að 2 af hverjum 3 stjórnendum telja æskilegt að Reykjavíkurborg gefi út leiðbeinandi viðmið um snjalltækjanotkun og skjátíma nemenda í skóla- og frístundastarfi. Hins vegar kemur fram að stjórnendur vilja frekar viðmið um ábyrga notkun heldur en bönn og telja æskilegt að starfsstaðirnir geri sín eigin viðmið.

Tilögur hópsins:

1. Starfsstaðir setji sér viðmið/reglur um notkun snjalltækja í einkaeigu

Því leggur starfshópurinn til að starfsstaðir skóla- og frístundasviðs setji sér viðmið og/eða reglur um notkun snjalltækja í einkaeigu í skóla- og frístundastarfi. Starfshópurinn telur mikilvægt að slík viðmið eða reglur séu unnar í samtali og samvinnu við þá aðila er málið varðar s.s. nemendur, kennara, frístundaráðgjafa, foreldra o.fl.

2. Nýta tölvu- og upplýsingatækni í námi og starfi

Jafnframt hvetur starfshópurinn starfsstaði skóla- og frístundasviðs til að halda áfram að nýta tölvu- og upplýsingatækni í námi og starfi með öllum þeim möguleikum sem henni fylgja í þeim tækjum sem Reykjavíkurborg leggur starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs til.

3. Leiðbeinandi verklag fyrir starfsstaði

Hópurinn leggur til að á skrifstofu skóla- og frístundasviðs verði búið til leiðbeinandi verklag fyrir starfsstaði fyrir gerð viðmið eða reglna um notkun snjalltækja í einkaeigu í skóla- og frístundastarfi þar sem gert er ráð fyrir samtali og samvinnu milli þeirra aðila er málið varðar þ.e. starfsfólks, barna og foreldra. Í skýrslunni má finna töluvert af efni sem gæti komið að gagni við gerð slíkra viðmiða og dæmi um skjátímaviðmið á bls. 14-17.

Efnisyfirlit

| | |
|----------------------------------------------------------------------|----|
| Inngangur | 2 |
| Samantekt - helstu tillögur | 4 |
| Efnisyfirlit | 5 |
| 1. Greining | 6 |
| Snjalltækjanotkun í grunnskólastarfi | 6 |
| Snjalltækjanotkun í frístundastarfi | 7 |
| Snjalltækjanotkun í leikskólastarfi | 8 |
| Samtal við börn og unglunga | 8 |
| 2. Rannsóknir um snjalltækjanotkun í skóla- og frístundastarfi | 9 |
| 3. Könnun meðal stjórnenda í skóla- og frístundastarfi | 10 |
| Framkvæmd spurningakönnunar um snjalltæki | 10 |
| Reglur um notkun á far- og snjallsímum og símaúrum | 10 |
| Reglur um notkun á far- og spjaldtölvum | 11 |
| Áhyggjur stjórnenda af notkun snjalltækja | 12 |
| Svör skólastjóra skólahljómsveita | 12 |
| Afstaða til leiðbeinandi viðmiða frá Reykjavíkurborg | 12 |
| Annað | 12 |
| 4. Samráð við foreldra | 13 |
| 5. Niðurstöður og tillögur | 14 |
| Dæmi um reglur/viðmið í grunnskólum | 14 |
| Dæmi um reglur/viðmið í frístundaheimilum | 16 |
| Dæmi um reglur/viðmið í félagsmiðstöðvum | 16 |
| Dæmi um reglur/viðmið í leikskólum | 16 |
| Viðauki 1 | 19 |
| Viðauki 2 | 24 |
| Viðauki 3 | 25 |

1. Greining

Eitt af hlutverkum starfshópsins var að greina hlutverk skóla- og frístundastarfs er kemur að notkun tækni út frá stefnu SFS, lögum og öðrum opinberum viðmiðum.

Gott er að hafa í huga að í stefnu sviðsins [Notkun upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi](#) kemur eftirfarandi fram:

Upplýsingatækni verður ekki aðgreind frá skóla- og frístundastarfi nútímans. Hún er eðlilegur hluti af samfélaginu og mikilvægt verkfæri þegar kemur að því að beita nútímalegum aðferðum, styðja við skapandi starf, virkja einstaklinga og endurspeglar veruleika innan sem utan starfsstaða. Hún er jafnframt mikilvæg til að jafna aðstöðu barna og ungmenna og undirbúa þau fyrir framtíð sem mun fela í sér margvíslegar breytingar, áskoranir og fjölmörg tækifæri.

Lög, reglugerðir, aðalnámskrár og áherslur skóla- og frístundasviðs mynda skýran ramma um gildi og notkun upplýsinga- og samskiptatækni í skóla- og frístundastarfi. Í aðalnámskrám leikskóla og grunnskóla frá 2011, sem eru rammi um skólastarfið og leiðsögn um tilgang þess og markmið, er lögð rík áhersla á upplýsingatækni sem eitt af sjálfsgöðum verkfærum starfsins. Vert er að hafa í huga að upplýsinga- og tæknimennt er einnig skilgreind sem sérstakt námssvið í aðalnámskrá grunnskóla með skilgreindum kennslutíma í viðmiðunarstundaskrá og skilgreindum hæfniviðmiðum sem vinna skal að.

Notkun tækni í skóla- og frístundastarfi má m.a. tengja við: Lög um leikskóla, lög um grunnskóla, æskulýðslög, aðalnámskrá leikskóla, aðalnámskrá grunnskóla, starfsskrá frístundamiðstöðva, skýrslu starfshóps um notkun tölvutækni í námi og kennslu mikið fatlaðra grunnskólanemenda frá 2013, skýrslu um notkun snjalltækja í skólastarfi frá 2014, áherslur og forgangsröðun skóla- og frístundaráðs 2015-2019 og skýrslu starfshóps um símenntun í upplýsingatækni frá 2017.

Snjalltækjanotkun í grunnskólastarfi

Í marsmánuði 2014 var settur á laggirnar starfshópur á vegum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um notkun snjalltækja í grunnskólastarfi. Í greinargerðinni er fjallað um stefnu, stöðu og rannsóknir á upplýsingatækni í skólastarfi, kennsluhætti og námsumhverfi, skólaþróun, símenntun og ráðgjöf. Markmiðið með starfi hópsins var að greina stöðu og gera tillögur að markmiðum og leiðum sem gætu stutt við framþróun, uppbyggingu og markvissa notkun snjalltækja í grunnskólum borgarinnar. Hópurinn skilaði af sér í júní 2014. [Sjá greinargerð](#). Helstu tillögur hópsins snéru að búnaði og þráðlausu neti, aðgengi að búnaði í öllum skólum borgarinnar verði gott og að nemendur kennarar og gestir geti notað eigin tækjabúnað í skólastarfinu. Einnig að í skólum verði skapað svigrúm og stofnuð teymi til að byggja upp sérfræðilekkingu og ráðgjöf í notkun upplýsingatækni innan skólanna. Að auki voru settar fram tillögur sem tengdust átaki í fræðslu í upplýsingatækni fyrir starfsfólk.

Í [minnisblaði skóla- og frístundasviðs til skrifstofu borgarstjóra frá 5. mars 2018](#) um reglur um notkun farsíma nemenda í grunnskólum er meðal annars bent á að í desember 2016 sendu umboðsmaður barna og mennta- og menningarmálaráðherra bréf til allra grunn- og framhaldsskóla. Þar voru þeir hvattir til að setja í samráði við aðila skólasamfélagsins skýrar reglur um notkun snjalltækja í skólastarfi og skýr viðurlög við brotum á þeim í samræmi við anda Barnasáttmálans og þess regluverks og markmiða

sem skólar vinna eftir hér á landi. Í [Almennum viðmiðum um skólareglur í grunnskólum](#) er meðal annars lögð áhersla á að í skólareglum sé fjallað um eftirfarandi atriði:

- Um tæki og önnur verðmæti og notkun á rafeindatækjum sem skólinn á og tækjum sem nemendur koma með í skólann
- Um mynd- og hljóðupptökur á skólatíma og birtingu þeirra
- Um tölvunotkun/tækjanotkun í námi og kennslu

Lögfræðingur á skóla- og frístundasviði óskaði 13. apríl 2018 eftir áliti borgarlögmans á því hvort grunnskólum sé heimilt að mæla fyrir um að kennari geti tekið snjalltæki af nemanda sem brotið hefur umgengnisreglur skólans í því skyni að skapa vinnufrið í kennslustunum. Í [minnisblaði frá Embætti borgarlögmans frá 25. apríl 2018](#) kemur fram að skólum sé almennt heimilt að banna notkun snjalltækja í kennslustundum. Hins vegar sé ekki að finna fullnægjandi lagaheimild í íslensku grunnskólaögunum fyrir því að grunnskólar geti sett reglur sem veita kennurum heimild til að taka snjalltæki af nemendum sem viðbrögð við agabrotum. Neiti nemandi að afhenda snjalltæki eigi að beita sömu úrræðum og beitt er til að bregðast við annarri truflun skv. 12. gr. [Reglugerðar 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum](#), sbr. [álit umboðsmanns barna á því hvort kennari megi taka síma af barni](#) og [Snjallar reglur](#).

Snjalltæki eru nýtt með fjölbreyttum hætti í grunnskólum. Flestir skólar hafa yfir að ráða slíkum búnaði og einhver dæmi eru um 1:1 verkefni í skólum borgarinnar. Kennarar leyfa nemendum í sumum tilfellum að nýta eigin tæki í náminu. T.d. til heimildaleitar, hlustunar á hljóðbækur og þýðingar milli íslensku og móðurmáls nemenda.

Snjalltækjanotkun í frístundastarfi

Í maí 2018 skilaði endurskoðunarnefnd af sér [Viðmiðum um notkun samfélagsmiðla í starfi félagsmiðstöðva](#) borgarinnar. Í þeim er ekki sett fram nein takmörkun á notkun snjalltækja eða samfélagsmiðla í félagsmiðstöðvastarfinu heldur meira verið að setja fram viðmið um æskilega hegðun barna/unglinga og starfsfólks í stafrænum heimi. Í félagsmiðstöðvunum gefst gott tækifæri til að vinna með jákvæða hegðun ungs fólks í stafrænum heimi eins og að taka ekki myndir eða myndbönd af fólki án leyfis og ekki taka síma af öðrum eða skoða síma annarra nema með leyfi. Einnig hafa fulltrúar frá skóla- og frístundasviði kynnt sér alþjóðlega vinnu um áhrif starfrænnar tækni á ungt fólk og æskulýðsstarf, sjá t.d. hér: <https://www.verke.org/wp-content/uploads/2019/02/Digitalisation-and-youth-work.pdf>

Í þeim grunnskólum sem settar hafa verið reglur um að ekki megi vera með snjalltæki í einkaeigu í starfinu hafa reglurnar ekki náð yfir starf félagsmiðstöðvarinnar. Þar eru börnin í sínum frítíma og geta notað tækin að vild, nema annað hafi verið ákveðið eins og í ferðum, rafmagnslausum kvöldum eða öðrum verkefnum á vegum félagsmiðstöðvar.

Í frístundaheimilum er það almennt þannig að símar eru ekki leyfðir og eiga bara vera ofan í tösku ef börnin eru með eigin tæki. Frístundaheimilin eiga þó flest spjaldtölvur sem nýttar eru í skipulögðu starfi á sambærilegan hátt og gert er í leikskólum, sjá hér að neðan.

Snjalltækjanotkun í leikskólastarfi

Margir leikskólar nota spjaldtölvur í kennslufræðilegum tilgangi með börum nokkrum sinnum í viku, s.s. í stærðfræði, málfræði, þemaverkefni o.fl. Einnig eru unnin myndbönd í starfinu sem eru svo spiluð í foreldrakaffi og öðrum uppákomum.

Börnin eru aldrei frjáls í spjaldtölvunum, alltaf með kennurum, og tækjunum er aðgangsstýrt þannig að ekki er hægt að fara úr þeim smáforritum sem unnið er með hverju sinni.

Spjaldtölvurnar í leikskólum eru líka mikið notaðar í sérkennslu.

Leikskólafulltrúi í starfshópnum hefur ekki áhyggjur snjalltækjanotkuninni í leikskólum enda er notkunin alltaf í skipulögðum tilgangi. Börnin koma ekki með eigin tæki í leikskólann.

Hins vegar finna leikskólakennarar að mörg börn eru mikið í snjalltækjum heima og sum börn á eldri deildunum eru föst í einhverjum leikjum, leika út frá þeim og tala mikið um þá. Eitthvað virðist vera um það að börn séu að spila leiki sem þau eru of ung fyrir.

Samtal við börn og unglinga

Stafræn borgarvitund byggir á sömu gildum og borgaravitund í lýðræðisþjóðfélagi.

Megináhersla er á að fólk verndi og beri virðingu og umhyggju fyrir sjálfum sér og öðrum í stafrænum heimi, stundi örugga netnotkun og nýti miðla og nýja tækni með ábyrgum og skapandi hætti.

Hlutverk skóla- og frístundastarfs, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Það er því gæfulegt að byggja á samvinnu nemenda, kennara og foreldra þannig að börn og unglingar læri frá unga aldri að virða og vernda sig sjálf og aðra í stafrænum heimi.

Starfshópurinn kynnti sér viðmið um snjalltækjanotkun í skóla- og frístundastarfi í öðrum sveitarfélögum. Hann fékk m.a. til sín nemendur úr Grunnskóla á Húnaþings vestra sem hefur bannað notkun farsíma á skólatíma, bæði í skólanum og á skólalóð og kynnti sér vinnu í frístundamiðstöðinni Þorpinu á Akranesi þar sem búin voru til viðmið eftir víðtækt samráð við ungmenni í sveitarfélaginu.

Hópurinn fékk líka til sín sálfræðinginn Eyjólf Örn Jónsson sem ræddi m.a. við okkur um mikilvægi þess að fá börn og unglinga með í að setja reglur og þá er hægt að setja upp spurningar eins og:

- Hvar er ekki í boði að vera í snjallsíma?
- Hvenær er það ekki í boði/hollt/skynsamlegt að vera í snjallsíma?
- Hvað er ekki í boði að gera með snjallsíma (siðfræðin)?

Í nóvember 2018 var haldið barnaþing með nemendum 6. bekkjar í Breiðagerðisskóla, Fossvogsskóla, Háteigsskóla, Langholtsskóla, Vogaskóla og Waldorfsskólanum Sólstöfum. Þingið bar heitið Hvaða áhrif hefur tæknin á líf mitt? Á þinginu fengu börnin fræðslu og fóru í umræðuhópa út frá spurningum eins og Hvernig gerir tæknin líf mitt betra? Hvaða tækni verður nauðsynleg í framtíðinni? Er internetið lífsnauðsynlegt? Ætti að setja „stafrænan útivistartíma“? og Hvernig ætti að nota tækni í skólanum? Niðurstöður

Þingsins voru teknar saman og er að finna hér: <https://saft.is/wp-content/uploads/2019/04/Barna%C3%BEing-n%C3%BDtt-uppf%C3%A6rt-eintak-10.apr%C3%ADl-19-5.pdf>

12. febrúar 2019 var nemendabýing í Ingunnarskóla um góð samskipti. Þar ræddu nemendur um samskipti sín og settu niður á spjöld sem hóparnir röðuðu upp á vegg eftir mikilvægi. Þingið snerist um að nemendur veltu fyrir sér og leituðu svara við þessum spurningum:

1. Hvað erum við ánægð með í samskiptum okkar (í skólanum, á netinu, í frítímanum)?
2. Hvað er það sem helst þarf að bæta í samskiptum okkar?
3. Hvaða leiðir getum við farið til að bæta samskipti? Hvað getum við nemendur gert?
4. Hvaða leiðir getum við farið til að bæta samskipti? Hvað getur skólinn gert?
5. Samskiptavandi og einelti. Hvernig eigum við að taka á þeim málum? Hvað getið þið gert? Hvað getur skólinn gert?
6. Hvaða áhrif hafa símarnir á samskipti okkar? Jákvæð – neikvæð?
7. Hvaða reglur viljið þið hafa um notkun síma í skólanum? Í kennslustundum? Í frjálsum tíma?
8. Hvernig viljið þið fá að nota snjalltækin í náminu?

Eftir nemendabýingið fengu svo nemendur tækifæri á að vinna frekar með útkomuna með kennurum og stjórnendum skólans.

Á vorönn 2019 var ákveðið að Ölduselsskóli yrði símalaus skóli. Upphaflega kom það til út frá pressu frá foreldrum, síðan starfsfólki og upplýsingum úr Skólapúlsinum um líðan nemenda unglíngadeildar í frímínútum. Þau fengi Eyjólf Örn Jónsson, sálfræðing, til að ræða við nemendur. Þá var haldið skólabýing þar sem skólastjóri hitti hvern og einn bekk þar sem rætt var um snjalltækjanotkun og hvernig þau gætu hjálpað þeim að verða símalaus skóli og hvernig þau sæju fyrir sér að viðurlög við brotum á reglum yrðu. Skólinn fékk svo foreldrafélagið í lið með sér til að kaupa spil, nýja billjardkjuða o.fl. Fyrirhugað var að vera af og til með einhverja dagskrá í frímínútum, „pubquiz“ o.fl. Þá var haldinn opinn skólaráðsfundur fyrir foreldra og málið var rætt í foreldraviðtölum. Búin voru til veggspjöld með upplýsingum um reglurnar og af hverju þær voru settar, auk þess sem ákvæði um símalausan skóla er komið í skólareglurnar.

Hér er um er að ræða frekar nýleg dæmi og starfshópurinn veit ekki til þess að þessi verkefni hafi verið metin.

2. Rannsóknir um snjalltækjanotkun í skóla- og frístundastarfi

Starfshópurinn hafði jafnframt það hlutverk að kynna sér innlendar og erlendar rannsóknir og dæmi um snjalltækjanotkun í skóla- og frístundastarfi.

Starfshópnum var ætlað að vera í víðtæku samráði, meðal annars við heilsugæslu og Embætti landlæknis. Á meðan á starfi hópsins stóð var mikil og góð vinna í gangi í samvinnu Landlæknis, Umboðsmanns barna, Landspítalans, Barnaheilla, Heimilis og skóla, SAFT og heilsugæslunnar sem gaf af sér leiðbeiningar skjáviðmið fyrir mismunandi aldurskeið. Þar koma fram viðmið um tímamörk hjá 5 ára og yngri og jafnframt er bent á að skjátími getur haft neikvæð áhrif þegar hann kemur í stað jákvæðrar virkni, svo sem félagslegra samskipta, hreyfingar, nægilegs svefns og heilbrigðs lífennis. Jafnframt kemur fram að með skynsamri umgengni við tæki geta þau

verið hluti af góðu uppeldi. Rannsóknir skortir um skaðsemi skjátíma, einan og sér, á eldri börn og ungmenni. Aftur á móti eru það þættir jákvæðrar virkni sem er mikilvægt að sinna og ekki ætti að leggja að jöfnu skjátíma í námi og annan skjátíma. Það er því erfitt að nota eingöngu tímaeininguna skjátími til að til að afmarka notkun þótt að hún sé hentug til að gera einhvern ramma og sé haldbær umræðupunktur.

Ekki eru til tölur um skjátíma barna á starfstöðvum SFS í skipulögðu starfi. Það má þó gefa sér það að hann sé ekki mikill ef miðað er við heildar vökutíma barna yfir árið. Hlutverk og ábyrgð heimilanna er því mikil í þessum málum. Hlutverk SFS og ábyrgð er að veita börnum jafnt aðgengi og jöfn tækifæri til að nýta tölvu- og upplýsingatækni á ábyrgan hátt og stuðla að fjölbreyttri og framsækinni notkun.

Í viðmiðum Embættis landlæknis, sem er að finna á heimasíðunni www.heilsuvera.is er byggt á nýjustu rannsóknum og ályktunum sérfræðinga á þessu sviði. *Áhersla er lögð á að skjátími bitni ekki á grunnþörfum barna eins og heilbrigðu lífern, samveru við foreldra, nægum svefni og félagslegum samskiptum. Þá er mælt með því að foreldrar og börn setji sér eigin reglur um skjátíma á heimilum. Foreldrar eru fyrirmyndir og því afar mikilvægt að þeir hugi jafnframt að eigin skjánotkun.*

Starfshópurinn bendir sérstaklega á þá rannsóknarrýni sem fram fór í þessari vinnu, tekur mið af þessum viðmiðum og styður þau af heilum hug.

Skólar víða um heim hafa bannað snjallsíma í sínum skólum. Frakkland hefur líklega gengið hvað lengst með símabannið. Í Noregi hafa um 80% grunn- og framhaldsskóla bannað símanotkun í skólunum. Í 74% tilvika máttu nemendur þrátt fyrir það koma með símana með sér í skólann en þurfti að leggja þá frá sér (í skólatösku eða í geymslu í skólanum) á skólatíma. Um 70% skólastjóra sögðu bannið hafa haft jákvæð áhrif á félagslíf innan skólans og 80% sögðu símaleysið hafa jákvæð áhrif á námið. Skólastjórar í Noregi eru hins vegar ekki vissir um að setja ætti lög í landinu sem banna farsíma í skólum þar sem símar geti verið hjálpartæki við nám (Fréttablaðið 19. ágúst 2019 þar sem vísað var í könnun á vegum norska ríkisútvarpsins).

3. Könnun meðal stjórnenda í skóla- og frístundastarfi

Starfshópnum var ætlað að greina stöðu og notkun snjalltækja í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Ákveðið var að gera það með því að senda könnun til leikskólastjóra, grunnskólastjóra, forstöðumanna frístundaheimila og félagsmiðstöðva og stjórnenda skólahljómsveita. Hér fyrir neðan má sjá samantekt um könnunina, en könnunin sjálf er í viðhengi 1.

Framkvæmd spurningakönnunar um snjalltæki

Spurningarkannanir voru sendar á 167 stjórnendur félagsmiðstöðva, frístundaheimila, grunnskóla, leikskóla og skólahljómsveita sem heyra undir skóla- og frístundasvið Reykjavíkur í mars 2019. Tvær ítrekanir voru sendar í kjölfarið og svöruðu samtals 97 stjórnendur könnuninni sem gerir 58% svörun. Lítil munur var á svörun á milli mismunandi starfsstaða.

Reglur um notkun á far- og snjallsímum og símaúrum

Algengast er á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs að reglur séu um notkun snjallsíma en um 60% svarenda segja reglur vera í gildi um snjallsíma á sínum starfsstað. Hér er þó

mjög mikill munur á milli tegunda starfsstaða, þannig eru nánast allir grunnskólar og frístundaheimili með reglur um notkun snjallsíma en einungis um 20% leikskóla og félagsmiðstöðva. Svipaða sögu er að segja um reglur um notkun farsíma, reglur um notkun þeirra er að finna í nánast öllum grunnskólum og frístundaheimilum, mun færri í leikskólum og í engum félagsmiðstöðvum en þar eru engar reglur um notkun snjalltækja nema á fáum starfsstöðum vegna snjallsíma eins og áður sagði. Aðeins í frístundaheimilum virðist vera algengt að reglur séu í gildi vegna notkunar barna á símaúrum enda þau tiltölulega sjaldgæf. Slíkar reglur má finna í um fjórðungi grunn- og leikskóla.

Í opnum svörum segja skólastjórar t.d. að far- og snjallsímar séu bannaðir á skólatíma til að koma í veg fyrir að nemendur séu truflaðir í starfinu sem og kennslan sem slík. Reglur séu um ábyrga notkun nemenda á far- og snjallsímum til að fyrirbyggja t.d. erfið mál sem hafa komið upp vegna myndataka nemenda í skóla og myndbirtinga. Þá sé öryggismál að samskipti þeirra við foreldra fari í gegnum starfsfólk skólanna eins og t.d. ritara, frekar en beint í gegnum far- eða snjallsíma. Bann við notkun far- og snjallsíma í grunnskólum er mest framkvæmt þannig að slökkt á að vera á símunum og þeir ofan í tösku nemenda. Þá segja skólastjórar einnig frá símalausum svæðum í skólunum eins og t.d. matsal. Í einu tilviki stefna stjórnendur á að gera sinn skóla algerlega símalausan hvað nemendur varðar. Fram kom í máli nokkurra skólastjóra að reglur vegna far- og snjallsíma séu rýmri í unglingadeild en í 1. – 7. bekk. Forstöðumenn frístundaheimila segja að mjög svipaðar reglur gildi þar og í skólunum, börnunum er gert að hafa slökkt á símunum og þeir skulu vera ofan í tösku barnanna. Sérstaklega mikilvægt sé að samskipti foreldra við börnin fari í gegnum starfsfólk frístundaheimilanna t.d. til að koma í veg fyrir að barn og foreldri taki ákvörðun um hvar og hvenær barn eigi að fara heim eða verði sótt án þess að starfsfólki sé kunnugt um slíkt. Í máli forstöðumanna kemur fram að símanotkun barna hamli félagslegum samskiptum þeirra sem svo mikilvægt er að vinna með í frístundastarfinu.

Eins og áður sagði er mun minna um reglur vegna far- og snjallsíma í leikskólum og félagsmiðstöðvum. Í einhverjum leikskólum er börnum þó bannað að koma með síma en flestir leikskólastjórar segja ekki þörf á slíkum reglum vegna ungs aldurs barnanna. Í þeim félagsmiðstöðvum þar sem eru reglur um símanotkun snúa reglurnar fyrst og fremst að myndatökum- og birtingum. Þar sem ekki eru reglur um símanotkun segja einhverjir forstöðumenn að mögulega mætti setja reglur til að koma í veg fyrir óheppileg samskipti á milli barnanna en margir eru á móti banni við tækjunum og/eða að ekki sé þörf á banni.

Helst er um reglur vegna símaúra í frístundaheimilum og líkt og með símana þá á samkvæmt reglunum að vera slökkt á úrunum og þau ofan í tösku. Hér taka forstöðumenn líka fram mikilvægi þess að í gegnum símaúrin séu börnin ekki í beinum samskiptum við foreldra á starfstíma frístundaheimilisins.

Reglur um notkun á far- og spjaldtölvum

Á tæplega helmingi starfsstaða skóla- og frístundasviðs eru reglur um notkun barna og unglunga á spjaldtölvum. Algengast er að reglurnar megi finna á frístundaheimilum eða í um 60% tilvika, litlu færri grunnskólum og í um 40% leikskóla. Tæplega þriðjungur starfsstaða hefur reglur um notkun fartölva, aftur er mest um reglur þ.a.l. í frístundaheimilum og grunnskólum.

Í opnum svörum segja forstöðumenn frístundaheimila að eingöngu sé í lagi að börn noti far- og spjaldtölvur frístundaheimilanna, tölvur í einkaeigu séu bannaðar. Notkunin sé stýrð, t.d. aðgangur sé leyfður í takmarkaðan tíma, vinur þarf að vera með í notkuninni og ekki er leyfilegt að skoða YouTube myndbönd. Grunnskólastjórar hafa svipaða sögu að segja, lítið sé um að nemendur taki með sér far- eða spjaldtölvur í skólann og þegar tölvur séu notaðar í skólanum sé um að ræða vélar úr tækjakosti skólans.

Áhyggjur stjórnenda af notkun snjalltækja

Í það heila hefur einn af hverjum fimm stjórnendum áhyggjur af snjalltækjanotkun barna og unglunga í skipulögðu starfi sinna starfsstaða. Stjórnendur starfsstaða með unglunga hafa þar frekar áhyggjur en stjórnendur starfsstaða sem eingöngu hafa yngri börn. Áhyggjurnar eru meiri þegar um frjálsa starf starfsstaðanna er að ræða og þar vege þyngst áhyggjur skólastjóra vegna t.d. frímínútna. Langflestir stjórnendur hafa hinsvegar áhyggjur af snjalltækjanotkun barna og unglunga utan starfstíma starfsstaða sinna eða næstum 90%. Líttl munur er þar á milli stjórnendahópanna.

Svör skólastjóra skólahljómsveita

Tveir af fjórum skólastjórum skólahljómsveita svöruðu könnuninni og eru svör þeirra hluti af svörum allra í niðurstöðum könnunarinnar. Í gildi eru reglur í báðum viðkomandi skólahljómsveitum um snjallsímanotkun og kom fram í svari þeirra að dæmi væru um að nemendur kíktu í símana á meðan pásar væri á þeirra hljóðfæri í tónverki. Skólastjórnir hafa áhyggjur af notkun nemenda á snjalltækjum í starfinu og utan starfssins og finnst æskilegt að leiðbeinandi viðmið séu sett af Reykjavíkurborg um notkun snjalltækja hjá nemendum sveitanna.

Afstaða til leiðbeinandi viðmiða frá Reykjavíkurborg

Heilt yfir telja rúmlega tveir af hverjum þremur stjórnendum í könnuninni æskilegt að Reykjavíkurborg gefi út leiðbeinandi viðmið um snjalltækjanotkun á sínum starfsstað. Skoðunin er algengust hjá leikskólastjórum þar sem tæp 80% þeirra telja æskilegt að borgin setji slík viðmið. Sjaldgæfust er skoðunin hjá forstöðumönnum félagsmiðstöðva en tæpur helmingur þeirra telur æskilegt að borgin setji leiðbeinandi viðmið um snjalltækjanotkun.

Annað

Í lok könnunarinnar var opin spurning þar sem stjórnendum gafst kostur á að koma fleiru á framfæri varðandi snjalltækjanotkun barna og unglunga. Í máli skólastjóra kemur þar fram að algengara sé að foreldrar nemenda vilji bann við snjalltækjum í skólunum heldur en hjá starfsfólki skólanna og nemendunum sjálfum. Þeir segja mikilvægt að fullorðnir séu sjálfir góðar fyrirmyndir og ef taka ætti tækin alfarið af nemendum í skólanum, þá ættu foreldrarnir sjálfir að gera slíkt en ekki starfsfólk skóla. Nefnt er að faglegar sameiginlegar reglur mætti gera en þá þannig að heimilin taki þátt í viðmiðunargerðinni ásamt skólunum. Einnig að skólarnir eigi að sjá sjálfir um viðmiðunargerðina frekar en að hún sé gerð miðlægt af Reykjavíkurborg.

Líkt og skólastjórar tala leikskólastjórar líka um mikla ábyrgð foreldra þegar kemur að snjalltækjanotkun, mikilvægt sé að fræða börnin og að helst ætti að gera viðmið um hvernig nýta eigi tæknina í leikskólastarfinu.

Forstöðumenn frístundaheimila tala t.d. um að það myndi styðja við stjórnendur að sett yrðu leiðbeinandi viðmið en að börnin tækju þátt í að móta viðmiðin, slíkt ættu fullorðnir einir ekki að gera fyrir börnin. Forstöðumenn félagsmiðstöðva segja skynsamlegra að fræða börn og unglinga um snjalltækjanotkun frekar en að banna notkunina. Skólahljómsveitarstjórar eru hlyntir leiðbeinandi viðmiðum en taka jafnframt fram að þau verði að vera hæfilega sveigjanleg.

4. Samráð við foreldra


Hópnun var ætlað að skoða með hvaða hætti má stofna til samráðs við foreldra um skjátíma utan skóla- og frístundastarfs. Í almennum viðmiðum um skólareglur í grunnskólum kemur meðal annars fram að foreldrar beri ábyrgð á uppeldi barna sinna. Þannig beri foreldrar einnig, ásamt börnum sínum, ábyrgð á hegðun þeirra og framkomu gagnvart samnemendum og starfsfólki skóla og eiga að bregðast við afleiðingum hegðunar barna sinna í skóla. Það er því mikilvægt að samráð og samstarf sé haft við foreldra þegar unnin eru viðmið eða reglur um skjátíma.

Í vinnu sinni rakst hópurinn á mikið af góðum ráðum til foreldra, sjá eftirfarandi lista:

- Skjárinn og börnin á heilsuvera.is
- Bæklingurinn Ung börn og snjalltæki: Gunnur að góðri byrjun, Heimili og skóli: [Ung börn og snjalltæki: Grunnur að góðri byrjun](#)
- Á vef SAFT er meðal annars að finna tíu heilræði til foreldra um netnotkun: [10 netheilræði](#)

Á starfstíma hópsins var einnig í gangi vinna hjá foreldrafélögunum í Breiðholti ásamt grunnskólastjórnendum og SAMFOK sem hefur gefið af sér vefinn www.skjatimi.is, auk þess sem þau létu útbúa og gefa út segul með leiðarljósum um skjátíma á mismunandi aldurs skeiðum.

Foreldrafélög í Breiðholti og skólastjórnendur hafa um árabíl átt mjög gott samstarf um ýmis málefni sem hefur stutt vel við skólasamfélag í hverfinu. Fyrir um þremur árum kom upp sú hugmynd að gera segul um skjátíma þar sem skjátímanotkun er stöðugt að aukast foreldrar þurfa að kunna að umgangast þessa nýju tækni og vera börnunum fyrirmynd. Segullinn var hugsaður fyrir öll heimili grunnskólabarna í Breiðholti og haustið 2018 var unnið af krafti að hugmyndafræðinni, hönnun segulsins og fjármögnun verkefnisins. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar fékk veður af þessu, tók upp samstarf og var útkoman sú að seglar með leiðarljósi um skjátíma heimilanna fyrir öll börn á leik- og grunnskólaaldri í Reykjavík ásamt því að vefurinn skjatimi.is var formlega opnaður þar sem hægt er að finna frekari upplýsingar fyrir heimilin í borginni, SAMFOK sér um rekstur og viðhald vefsins. Einnig var segullinn gerður



á ensku, pólsku og filipísku í samvinnu við Brúarsmiði hjá Miðju máls og læsis. Þetta litla Breiðholtsverkefni sprakk því út og búið er að framleiða 30.000 segla á fjórum tungumálum sem dreift var til allra barna í borginni.

Starfshópurinn telur að segull um skjátíma muni skapa umræður innan heimilis um æskilega skjáhegðun og þannig, smátt og smátt, festa í sessi reglur hvers og eins heimilis um skjátíma. Segullinn er ekki töfralausn heldur tæki sem fjölskyldur geta notað til að auka notkun og mynda ramma utan um skjánotkun allra í fjölskyldunni.

Svona segull var first búinn til eftir [samráðsþing á Akureyri](#) og fleiri sveitarfélög (a.m.k. [Garðabær](#)) hafa gefið út sambærilega segla.

5. Niðurstöður og tillögur

Markmið starfshópsins var, samkvæmt erindisbréfi, að meta hvort setja eigi viðmið um snjalltækjanotkun og skjátíma nemenda í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.

Út frá þeim upplýsingum sem starfshópurinn hefur aflað leggur hann til að ekki verði sett miðlæg viðmið um snjalltækjanotkun og skjátíma barna og unglunga í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Hann leggur þó til að starfsstaðir setji sér slíkar reglur/viðmið í samráði við börn, unglunga, foreldra og starfsfólk um tæki í einkaeigu.

Ábyrgð á faglegu starfi þar sem tölvur og snjalltæki í eigu starfsstaða eru nýtt í skóla- og frístundastarfi er og verður á herðum viðkomandi starfsstaða þar sem traust ríkir í þeirra garð um faglega sýn og getu í þeim efnum. Það er hlutverk nútíma skóla- og frístundastarfs að styðja við stafræna hæfni nemenda og undirbúa þá fyrir frekara nám, líf og störf í framtíðinni.

Mikilvægt að áréttu sjálfstæði starfstöðva SFS í að setja reglur og í raun krafa um að í hverjum grunnskóla skal setja skólareglur sem skylt er að fara eftir þar sem skólastjóri hefur forgöngu um og ber ábyrgð á að skólareglur séu settar og þeim fylgt. Það er mat skóla- og frístundasviðs að grunnskólar geti sett reglur sem banna notkun snjallsíma, eða annarra truflandi tækja, á skólatíma, sjá viðauka 2. Þetta mat er byggt á niðurstöðu starfshóps á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið og fulltrúa skólastjóra árið 2015, sjá viðauka 3.

Hópurinn leggur til að á skrifstofu skóla- og frístundasviðs verði búið til einhvers konar form fyrir slík viðmið og starfsstaðir sviðsins setji svo inn það sem þeim finnst henta sínum starfsstað í samráði við starfsfólk, börn og foreldra. Í skýrslunni er að finna töluvert af efni sem gæti komið að gagni við gerð slíkra viðmiða.

Dæmi um reglur/viðmið í grunnskólum

Dæmi 1 (grunnskóli):

- Nemendum er heimilt að hafa samskipta- og snjalltæki í einkaeigu með sér í skólann. Þó skal vera slökkt á tækjum og þau geymd í tösku nemenda frá því að komið er í skólann í upphafi skóladags og þar til skóladegi lýkur. Samskipta- og snjalltækja notkun nemenda er því bönnuð í skólanum og á skólalóð meðan á skólatíma stendur.

- Nemendur geta fengið að hringja í skólanum ef nauðsyn krefur.
- Nemendur geta óskað eftir undanþágu með leyfi kennara, en slík leyfi eru einungis veitt fyrir eitt skipti í senn.
- Kennarar geta veitt leyfi fyrir notkun eigin tækja kjósi nemendur frekar að nýta eigin tæki heldur en tæki í eigu skólans. Slík leyfi eru einungis veitt fyrir eitt skipti í senn.

Dæmi 2 (grunnskóli):

- Nemendum leyfist ekki að nota samskipta- og snjalltæki í einkaeigu þ.m.t. tónhlöðu í kennslustundum nema með leyfi kennara. Slík leyfi eru einungis veitt fyrir eitt skipti í senn.
- Nemendum er frjálst að nota samskipta- og snjalltæki í frímínútum þó frekar sé mælt með því að þeir nýti frítímamann sinn í að spjalla og leika við skólafélaga sína. Séu nemendur með síma uppi við í frímínútum ber að framfylgja þeirri grundvallarreglu að allar myndatökur innan skólans, jafnt í kennslurýmum sem og öðrum rýmum skólans, eru stranglega bannaðar. Allir nemendur eiga rétt á að geta stundað skólann í friði og er bann við myndatökum liður í að auka persónuvernd og öryggi nemenda.

Viðbrögð skóla við brotum á skólareglum:

- Ef samskipta- og snjalltæki veldur röskun á kennslu er kennara heimilt að
- Viðbrögð skólans ef hegðun nemenda reynist verulega áfátt eru byggð á 14. grein [laga um grunnskóla nr. 91/2008](#) og í [Reglugerð 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum](#).

Hér er að finna raunveruleg dæmi um reglur sem snúa að snjalltækjum í grunnskólastarfi:

1. Síma og snjalltækjareglur Grunnskóla Húnaþings vestra:
<https://grunnskoli.hunathing.is/is/nemendur/sima-og-snjalltaekjareglur>
2. Í sumum skólum eru reglur um snjalltæki inni í almennum umgengnisreglum, sjá dæmi frá Varmárskóla: <http://www.varmarskoli.is/skolastarfid/skolabragur-og-reglur/>
3. Í Ölduselsskóla var eftirfarandi ákvæði bætt inn í skólareglur:

Ölduselsskóli er símalaus skóli.

- a) *Nemendum er ekki leyfilegt að nota síma á skólatíma hvorki á skólalóð né í skólahúsnæði. Í undantekningartilfellum getur kennari veitt nemanda/nemendum leyfi fyrir notkun.*
- b) *Allir nemendur unglíngadeildar fá úthlutað skápum sem þeir geta læst, með eigin lásum, þar sem hægt er að geyma verðmæti á skólatíma.*

Viðbrögð: Ef sími er sýnilegur eða notaður án leyfis:

1. Í kennslustund:
 - a) 1. – 7. bekkur: nemandi geymir símann í símakörfu og sækir í lok dags.
 - b) 8. - 10. bekkur: nemandi geymir síma í símakörfu og sækir í lok kennslustundar.

2. *Á öðrum svæðum skólans utan kennslustofu: nemandi er boðið að geyma síma á skrifstofu skólans og sækja í lok skóladags.*
3. *Fari nemandi ekki að tilmælum eða verði ítrekað uppvis að óheimilli símanotkun tekur agaferill skólans við.*

Dæmi um reglur/viðmið í frístundaheimilum

Á frístundaheimilum er það í flestum tilfellum þannig að börnin mega ekki vera með síma/snjallsíma, símaúr eða spjalddölvur í starfinu, nema þegar það er boðið upp á það á skipulagðan hátt í starfinu, s.s. í vali eða hópastarfi. Þá er verið að notast við spjalddölvur sem frístundaheimilin eiga. Í þessu skipulagða starfi með spjalddölvurnar fá börnin að leika sér og fræðast í alls kyns smáforritum sem valin hafa verið inn á spjalddölvurnar. Börnin læra á forrit sem þau geta nýtt sér í leik og fræðslu. Ef börnin eru með snjalltæki með sér verða þau að geyma þau í skólatöskunni.

Á frístundaheimilum eru einnig oft í boði leikjatlölvur og þá eru þau að spila saman í hópum og passað upp á að tíminn sem hvert barn er í leikjatlölvu sé ekki of langur (15-20 mín).

Dæmi um reglur/viðmið í félagsmiðstöðvum

Félagsmiðstöðvarnar starfa eftir [Viðmiðum um notkun samfélagsmiðla í starfi félagsmiðstöðva](#). Í þeim er ekki gert ráð fyrir takmörkun á notkun snjalltækja heldur eru þessi viðmið frekar leiðbeiningar um notkun þeirra. Til að mynda er starfsfólki ætlað að tilkynna til barnaverndar ef þau verða vör við óæskilega hegðun eða aðbúnað barns á samfélagsmiðlum.

Í sértækum félagsmiðstöðvum, þar sem börn og unglingar dvelja lengur heldur en í almennum félagsmiðstöðvum og starfið er kannski líkara starfsemi frístundaheimila, eru börnin beðin um að hvíla snjalltækin í töskunum (eða heima) í skipulögðu starfi, matartímum o.fl. En eftir því sem börnin verða eldri þá verður snjalltækjanotkunin frjálgsari, enda er félagsmiðstöðvustarfið skilgreint þannig að börnin séu þar í sínum frítíma.

Dæmi um reglur/viðmið í leikskólum

Hægt er að segja að snjalltæki séu komin til að vera inn í leikskólanum og langflestir leikskólar eru að nýta sér tæknina í leik og starfi. Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla (Mennta- og menningaráðuneytið, 2011) kemur fram í læsishlutanum að það séu ekki einungis rannsóknir á læsi sem hafa breytt afstöðu fólks til þess heldur hafi starfræn tækni breytt því umhverfi þar sem ritun og lestur eiga sér stað. Að því gefnu eru tölvur og stafræn samskipti ómissandi þáttur í daglegu lífi fólks, bæði í vinnu og heima fyrir og þar af leiðandi þykja spjalddölvur sjálfsagt verkfæri inni í leikskólastarfi. Einnig kemur fram að meiginmarkmið læsis sé að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á skapandi og persónulegan hátt við því sem þeir lesa með hjálp frá þeim tækjum og miðlum sem völ er á (Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls 17).

Starfshópurinn fann ekki dæmi um viðmiðunarreglur um hvernig og hvænær tæki eru notuð enda eru þau alltaf talin notuð í kennslufræðilegum tilgangi í leikskólum. En í leikskólanum Króaból á Akureyri er sett upp t.d. í hvaða tilgangi er verið að nota tækin og hvaða námsspáttum er þeim ætlað að styðja við t.d. byrjendalæsi, stærðfræði, félagfærni eins og samvinnu í verkefnum.

Dæmi um áhersluatriði, Króaból (sjá einnig hér: <http://snjalltaekni.xoz.is/efni/snjalltaekni-i-leikskola/snjalltaekni-i-leikskola-2016-2017>):

- *Við lítum á snjalltæki sem verkfæri og nýja leið til að læra*
- *Við tengjum snjalltæki við málrækt og sköpun*
- *Við setjum skýr markmið*

- *Við tengjum verkefnið við námskrána okkar*
- *Við byggjum nám á leik, áhugahvöt og sköpunargleði*
- *Við leggjum áherslu á að vinna út frá hugmyndum barna og kennara.*

Dæmi um ávinning við að nota spjaldtölvur inni í leikskólastarfi að mati leikskólakennara (sjá: <https://www.akureyri.is/static/files/skyrsla-um-mat-a-notkun-spjaldtolva-i-leiksk-akureyri.pdf>)


- Fjölbreytt viðfangsefni og spjaldtölvur geri viðfangsefnin meira spennandi.
- Jafna tækifæri barna á því að kynnast stafrænni tækni.
- Spjaldtölvur skapa fleiri námstækifæri og fjölbreyttari leiðir að markmiðum.
- Auka möguleika á að uppfylla námskrá.
- Spjaldtölvur geta stutt vel við sérkennslu.
- Spjaldtölvur geta stutt vel við lestur og stærðfræði og vinnu með börnum sem eru tvítyngd.
- Nemendur eru sagðir styrkja sjálfsmynd sína einnig með því að geta sýnt og rætt við foreldra sína um starfið í skólanum, en upptökur og myndir eru gjarnan notaðar fyrir foreldrasíður leikskólanna og við uppeldisskráningar.
- Öpp eru valin eftir námsþáttum sem verið er að þjálfra hverju sinni, en ekki eftir efni. Þess vegna er ekki talinn sjáanlegur munur á kynjunum eftir viðfangsefni.

Dæmi um raunveruleg markmið sem sett voru í þróunarverkefni sem unnið var í Náttúruleikskólanum Krakkakoti í Garðabæ (sjá hér:

<https://www.gardabaer.is/media/byggingar-i-gardabae/Spjaldtolvur---L2015.pdf>):

- Kenna börnum frá eins árs aldri að umgangast margmiðlunartæki eins og spjaldtölvu af ábyrgð.
- Leggja drög að því hvernig slík tæki eru nýtt með forvörn í huga þannig að þegar börn eldast þá kunni þau að setja sér mörk varðandi upplýsingaöflun og tíma sem þau eyða t.d. við tölvu- og netnotkun.
- Nýta spjaldtölvur sem virkt kennslutæki með vel undirbúnum markmiðum með hverri kennslustund. Hvað á að gera? – Hvernig á að gera? – Hvenær á að gera? Hvar á að gera? (t.d. útikennsla og í hringekjukennslu).
- Vinna að þáttum eins og velferð, lýðræði, samskipta- og félagsfærni og málörvun og læsi með spjaldtölvu.
- Efla foreldrasamvinnu í verkefninu, þar sem foreldrar eru hvattir til að setja mörk á tölvunotkun barna heima.

Í leikskólanum Ösp í Breiðholti hafa verið búnar til myndrænar reglur um notkun á spjaldtölvum í vinnustundum:




Viðauki 1

Svörun og niðurstöður spurningakönnunar vorið 2019 til stjórnenda vegna skjátíma barna og unglunga.

Tafla 1. Svörun stjórnenda vegna spurningakönnunar


| | Svarendur | Viðtakendur | Svörun |
|-------------------------------|-----------|-------------|--------|
| Forstöðumenn félagsmiðstöðva | 11 | 18 | 61% |
| Forstöðumenn frístundaheimila | 29 | 47 | 62% |
| Grunnskólastjórar | 20 | 36 | 56% |
| Leikskólastjórar | 35 | 62 | 56% |
| Skólastjórar skólahljósveita | 2 | 4 | 50% |
| Allir | 97 | 167 | 58% |




Mynd 2. Starfsstaðir með reglur um notkun snjallsíma




Mynd 3. Starfsstaðir með reglur um notkun símaúra




Mynd 4. Starfsstaðir með reglur um notkun spjaldtölva




Mynd 5. Starfsstaðir með reglur um notkun fartölva




Mynd 6. Áhyggjur af snjalltækja- og tölvunotkun barna/unglinga í skipulögðu starfi starfsstaðarins




Mynd 7. Áhyggjur af snjalltækja- og tölvunotkun barna/unglinga í frjálsum starfi starfsstaðarins



Mynd 8. Áhyggjur af snjalltækja- og tölvunotkun barna/unglinga utan starfstíma starfsstaðarins



Mynd 9. Hlutfall stjórnenda sem telur æskilegt að Reykjavíkurborg gefi út leiðbeinandi viðmið um snjalltækjanotkun.



Viðauki 2

Mat skóla- og frístundasviðs á því hvort grunnskólar geti sett reglur sem banna notkun snjallsíma, eða annarra truflandi tækja, á skólatíma

Úrræði vegna notkunar snjalltækja á skólatíma

Nokkrar vangaveltur hafa verið uppi um úrræði skóla vegna notkunar snjallsíma og annarra tækja sem valdið geta truflunum á skólastarfi. Skóla- og frístundasvið vill því benda á hvernig fjalla má um slík tæki í skólareglum og hvaða úrræði geta komið til greina ef reglurnar eru brotnar.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 er það m.a. hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Á grundvelli laganna hefur verið sett reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar skal starfsfólk ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar.

Það er mat skóla- og frístundasviðs að grunnskólar geti sett reglur sem banna notkun farsíma, eða annarra truflandi tækja, á skólatíma ef það telst til þess fallið að uppfylla markmið áðurnefndra laga og reglugerðar. Í reglum er einnig rétt að kveða á um viðbrögð við brotum á slíkum reglum, sbr. f- lið 2. gr. reglugerðarinnar. Viðbrögð við brotum skulu vera í samræmi við brotið og ávallt skal velja vægasta úrræðið sem er til þess fallið að ná fram settu markmiði. Til þess að halda uppi námsaga og tryggja vinnufrið getur verið heimilt að taka tæki af nemanda ef hann hefur brotið reglur skólans um slík tæki. Til þess ná fram settu markmiði getur skólinn enn fremur geymt tækið á meðan á skyldubundnu skólastarfi stendur, en ekki lengur. Þegar skólatíma lýkur er örðugt að sjá hvað réttlætir að meina nemanda að fá tækið aftur í hendur. Það markmið að halda uppi námsaga eða tryggja vinnufrið eiga þá ekki við og auk þess er tekinn við frítími nemenda sem skólinn hefur takmarkaðar heimildir til að hafa afskipti af. Því verður að telja að skólum sé ekki heimilt að halda tæki í sínum vörslum lengur en skólatími varir.

Bent er á að samkvæmt 3. mgr. skulu skólareglurnar kynntar nemendum og foreldrum þeirra ár hvert og birtar í starfsáætlun. Samkvæmt 4. mgr. Skulu umsjónarkennarar fjalla um skólareglurnar, þýðingu þeirra og hlutverk með nemendum sínum eins oft og þurfa þykir.

Áréttað skal að heimildir til að banna notkun snjalltækja og fylgja banni eftir með því að t.d. taka snjalltæki af nemanda ef hann hefur brotið gegn banninu, er háð því að skýrar reglur sé að finna um notkun snjalltækja í skólareglum og að þar sé fjallað viðbrögð skólans þegar reglurnar eru brotnar.

Viðauki 3



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Minnisblað

Reykjavík, 5. mars 2018

Til: Skrifstofa borgarstjóra

Frá: Skóla- og frístundasviði

Efni: Umsögn um farsímanotkun nemenda í grunnskólum og úrræði

Óskað hefur verið eftir umsögn skóla- og frístundasviðs í tengslum við ráðgerða tillögu Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um farsímabann í grunnskólum sem mun kveða á um að Reykjavíkurborg banni notkun allra tegunda snjallsíma í skólum borgarinnar á skólatíma, hvort sem um er að ræða í frímínútum eða kennslustofum

Í almennum viðmiðum um skólareglur í grunnskólum, http://www.samband.is/media/skolamal/Almenn_vidmid_um_skolareglur_grunnskola_2015.pdf, sem Samband íslenskra sveitarfélaga vann í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið og fulltrúa skólastjóra árið 2015 kemur eftirfarandi fram:

Samkvæmt reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum skal setja skólareglur í hverjum grunnskóla með skýrum viðbrögðum og viðurlögum við brotum á þeim. Undirstrikað er að úrræði og viðbrögð stuðli að jákvæðri hegðun og miði að því að auka ábyrgð og styrkja persónuþroska og hæfni nemenda. Reglurnar skulu árlega kynntar nemendum og foreldrum þeirra og birtar í starfsáætlun. Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, háttsemi, stundvísi, ástundun náms, hollustu og heilbrigðar lífsvenjur.

Í umfjöllun starfshópsins með viðmiðunum kemur fram sú áhersla að reglugerðin gefi í raun “þann ramma sem skólar þyrftu til þess að útbúa eigin skólareglur” og undirstrikað er að skólareglur eru „alltaf endurspeglun á sérkennum skóla og þeirrar uppeldis- og agastefnu sem hver skóli tileinkaði sér.“

Í almennri umfjöllun viðmiðanna kemur fram:

- Í hverjum grunnskóla skal setja skólareglur sem skylt er að fara eftir.
- Skólastjóri hefur forgöngu um og ber ábyrgð á að skólareglur séu settar og þeim fylgt.
- Reglurnar skulu unnar í samvinnu við skólaráð viðkomandi grunnskóla og leitast við að ná sem víðtækastri sátt um þær í skólanum.

- Skólástjóri hefur endanlegt ákvörðunarvald um orðalag skólareglna ef ágreiningur kemur upp, að teknu tilliti til umsagnar fræðsluyfirvalda í sveitarfélaginu.
- Ár hvert skulu skólareglurnar ásamt viðurlögum við brotum á þeim kynntar nemendum og foreldrum þeirra og birtar í starfsáætlun skóla.
- Fræðsluyfirvöld í sveitarfélaginu fá skólareglur til umsagnar sem hluta af starfsáætlun og staðfesta ár hvert.
- Umsjónarkennarar skulu fjalla um skólareglurnar, þýðingu þeirra og hlutverk með nemendum sínum eins oft og þurfa þykir.
- Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Þannig bera foreldrar einnig, ásamt börnum sínum, ábyrgð á hegðun þeirra og framkomu gagnvart samnemendum og starfsfólki skóla og eiga að bregðast við afleiðingum hegðunar barna sinna í skóla.
- Skólareglur skal endurskoða reglulega.

Viðmiðin leggja auk annars áherslu á að í skólareglum sé fjallað um eftirfarandi atriði:

- Um tæki og önnur verðmæti og notkun á rafeindatækjum sem skólinn á og tækjum sem nemendur koma með í skólann
- Um mynd- og hljóðupptökur á skólatíma og birtingu þeirra
- Um tölvunotkun/tækjanotkun í námi og kennslu

Bent er á að “þegar kemur að framkvæmd viðurlaga við alvarlegum brotum á skólareglum að málsmeðferð taki mið af stjórnsýslulögum, sérstaklega hvað við kemur andmælarétti, meðalhófi og rannsóknarreglu. Þá skal áréttað ábyrgð foreldra á uppeldi og hegðun barna sinna sbr. 5. grein reglugerðarinnar” Eins eru skólanefndir sveitarfélaga hvattar til þess að hagnýta viðmiðin við staðfestingu árlegrar starfsáætlunar grunnskóla sem inniheldur m.a. skólareglur hvers skóla.

Vert er að taka fram að umboðsmaður barna og mennta- og menningarmálaráðherra sendu í desember árið 2016 bréf til allra grunn- og framhaldsskóla og tengdra aðila þar sem skólar eru hvattir “til að setja í samráði við aðila skólasamfélagsins skýrar reglur um notkun snjalltækja í skólastarfi og skýr viðurlög við brotum á þeim í samræmi við anda Barnasáttmálans og þess regluverks og markmiða sem skólar vinna eftir hér á landi.” Vísað er í ofangreind viðmið um skólareglur og fram kemur að:

Samkvæmt lögum um grunn- og framhaldsskóla, reglugerðum við lögin og aðalnámskrá skal starfsfólk ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja þeim menntun, öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar og náð árangri í námi. Starfsfólki ber að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi og góðri umgengni. Hver grunn- og framhaldsskóli setur sér skólareglur með skýrum viðbrögðum við brotum á reglunum og úrræði og viðbrögð skóla eiga að vera í samræmi við réttindi nemenda og eiga að stuðla að jákvæðri hegðun og miða að því að rækta persónuþroska og hæfni nemenda.

Eins kemur fram að:

Í gildandi reglugerðum um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunn- og framhaldsskólum er m.a. kveðið á um að nemendum beri að hlíta fyrir mælum kennara og starfsfólks skóla. Þeir eigi að fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og samnemendur og beri ábyrgð á eigin námi, framkomu sinni og samskiptum við samnemendur og starfsfólk skóla, þ.m.t. snjallsímum, stafrænum samskiptum og netnotkun og skulu sýna nærgætni og gæta virðingar í allri framkomu sinni.

Í lok bréfsins eru allir grunn- og framhaldsskólar hvattir til að setja í samráði við aðila skólasamfélagsins skýrar reglur um notkun snjalltækja í skólastarfi og skýr viðurlög við brotum á þeim í samræmi við anda Barnasáttmálans og þess regluverks og markmiða sem skólar vinna eftir hér á landi.

Í umfjöllun umboðsmanns barna um reglur um snjallsíma í skólum frá 2015, kemur fram að “[æ]skilegt er að skólar taki afstöðu til þess í skólareglum hvernig nemendur eigi að umgangast snjalltæki á skólatíma. Í raun geta skólar ákveðið að banna alfarið slík tæki á skólatíma, ef þeir telja það nemendum fyrir bestu.” Benda má á að með umfjölluninni fylgir einnig fróðleg útlistun á því hvernig hægt er að bregðast við ef nemendur fara ekki eftir settum reglum og banni við notkun.

Í álitum umboðsmanns barna frá 2015 er talið að starfsmenn skóla geti ekki tekið snjalltæki af nemendum vegna ónæðis sem notkun tækis veldur, heldur þurfi e.k. neyðarréttur að skapast svo að það geti verið heimilt, t.d. ef snjalltæki er notað til að leggja í einelti.

Bent er á að skv. álitum umboðsmanns Alþingis í Danmörku, sjá http://www.ombudsmanden.dk/find/udtalelser/beretningssager/alle_bsager/2009-20-3/200920-3..pdf/ er kennara heimilt að taka síma af nemendum ef hann truflar kennslu eða notar símann til að angra aðra. Sömu viðmið gilda í Noregi, sjá umfjöllun umboðsmanns barna í Noregi: <http://barneombudet.no/dine-rettigheter/pa-skolen/mobil-skolen/>

Af framangreindu má sjá að skólar eiga og hafa fullt umboð til að setja reglur um snjallsímanotkun á skólatíma. Ef rýnt er í skólareglur í borginni má sjá fjölmörg dæmi um skýrar reglur sem ná til notkunar tengdri mismunandi aðstæðum, aldri og tíma dagsins.

Í 7. grein laga um grunnskóla kemur fram að „við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins.“ Óformleg könnun grunnskólaskrifstofu meðal skólastjórnenda bendir til að þeim þyki miður þegar efast er um rétt þeirra sem faglegra leiðtoga og stjórnenda skóla sem vilja aðlaga skólastarfið og þ.m.t. skólareglur að áherslum á hverjum stað. Ef kveðið væri á um það að snjalltækjanotkun væri með öllu óheimil í skólastarfi í grunnskólum borgarinnar væru þær rúmu heimildir sem skólar hafa nú til að móta stefnu og taka ákvarðanir um málefni sín verulega takmarkaðar.

Vert er að taka fram að í hópi stjórnenda hefur komið fram ósk um að skólastjórnendur ættu samtal um snjalltækjanotkun, t.d. í hverfum og skiptust á skoðunum og lausnum. Ræða mætti ákveðið agaleysi og hættuna á því að bein samskipti og hreyfing minnki t.d. í frímínútum ef reglur og mörk um notkun farsíma eru ekki skýr. Eins að fjalla um hvernig reynist best að ramma inn notkun símanna, t.d. í matsal og með annarri afmarkaðri notkun. Miðla mætti ábendingum frá skólum sem benda á að truflun af notkun farsíma í kennslustundum minnkar þar sem nemendur fá greitt aðgengi að og markvissa þjálfun í notkun snjalltækja. Vafalítið er eins mikilvægt að miðla hagnýtum dæmum um það hvernig tæknin getur unnið með margbreytilegum nemendahópi. Til dæmis má ekki vanmeta möguleika nemenda til að sækja sér þekkingu á sem fljótlegastan máta og miðla á skapandi hátt (t.d. í máli og myndum). Eins hvernig nemendur með náms- og lestrarörðugleika geta hlustað á þægilegan máta á hljóðbækur, talað inn texta með raddritun eða nota leiðréttingarforrit eða vefspulur. Jafnframt hvernig nemandi með annað móðurmál en íslensku getur þýtt orð og hugtök milli tungumála, hvort sem það er í tengslum við nám í skólastofu eða í samskiptum við félagá utan hennar.

Í nýlegum ummælum skólastjóra í borginni kemur fram að „varðandi misnotkun á tækjunum, svo sem neteinelti og annað slíkt, er nokkuð víst að við komum ekki í veg fyrir það nema með fræðslu þar sem fer fram á öllum tímum sólarhringsins – óháð boðum og bönnum í skóla.“ Og sami aðili bendir á varðandi áskoranir nýrrar tækni að “málið snýst að mínu mati fyrst og fremst um að koma okkur saman um viðmið, nemendur og skólinn, á skynsamlegum nótum. Þar þarf samfélagið að ganga í sátt. Einnig að efla fræðslu á allan hátt. Og í þessu efni verðum við fullorðnir líka að læra og vera góðar fyrirmyndir.”

Full ástæða er til að grunnskólaskrifstofa skóla- og frístundasviðs styðji við samtal og fræðslu um ábyrga notkun tækni. Eins að miðla upplýsingum til skóla, foreldra og nemendum um gott fræðsluefni sem er t.d. að finna á vef [SAFT - samfélags, fjölskyldu og tækni](#). Meðal annars [fræðsluefni um stafræna borgaravitund](#) þar sem lögð er áhersla á að ábyrg notkun tækni tengist m.a. í því að stafræn borgarvitund verði hluti af skólamenningunni. Í því felist að skilja hvers vegna og hvernig skuli sýna ábyrgð við notkun tækninnar og lögð er áhersla á að sú “aðferð sé vænlegri til að ala upp ábyrga borgara en nota boð og bönn.” Bent er á að “börn og unglingar eyða stórum hluta dagsins utan skólatíma í tölvu, snjallsíma, spjaldtölvu eða öðru tæki þar sem þau hafa aðgang að miklum upplýsingum og geta verið í samskiptum við nánast hvern sem er.” Fram kemur að það að taka tæknina inn í skólastarf feli í sér nýjar áskoranir en mennta þurfi nemendur í notkun hennar og ekki síst í því hvað það þýðir að vera borgari í netsamfélagi, þ.e.a.s. hvaða skyldur og ábyrgð fylgja því.

Ofangreindar áherslur ríma í raun vel við að í aðalnámskrá grunnskóla þar sem lögð er áhersla á undirbúning nemenda fyrir líf og störf í samfélagi sem hraðar tæknibreytingar hafa áhrif á. Áherslur um fjölbreytta og skapandi notkun tækni sem styður við nám nemenda koma skýrt fram í námskránni og sérstök áhersla er lögð á ýmis hæfniviðmið er snúa að ábyrgri notkun. Sem dæmi má nefna að í kafla um siðferði og öryggismál í aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að nemandi sem útskrifast úr grunnskóla á við lok 10. bekkjar að geta nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð, unnið í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun og verið meðvitaður um eigin siðferðislega ábyrgð.”